

Alþingi
Erindi nr. P 125/841
komudagur 2.3.2000



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

2. mars 2000

Efni: Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Félagsmálanefnd Alþingis sendi frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla til umsagnar til Kennaraháskóla Íslands. Ég bað Ragnhildi Bjarnadóttur lektor og einn af sérfræðingum okkar um jafnréttismál um að semja slíka umsögn fyrir hönd Kennaraháskólans. Fylgir sú umsögn þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Ólafur Proppé rektor

Reykjavík 29. febrúar 2000

Athugasemdir við frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja, gerðar að beiðni rektors Kennaraháskóla Íslands.

Í heild virðist frumvarpið vera vandlega unnið og eru athugasemdir því fáar.

1. I. kafli, 1. grein, Markmið.

Eitt af markmiðunum (f) er að greina tölfraeðiupplýsingar eftir kyni. Spurning vaknar um hvort þetta sé ekki frekar leið að markinu sem gæti þá verið: afla upplýsinga um mun á aðstæðum og viðhorfum karla og kvenna – með því að greina tölfraeðiupplýsingar eftir kyni. (Sbr. athugasemdir við 1. gr., seinustu málsgrein bls. 11)

2. III. kafli, 19. grein, Menntun og skólastarf.

Þarna stendur að á “öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin undir ... o.s.frv.

Í huga undirritaðrar er mjög óljóst hvað þarna er átt er við með fræðslu um jafnréttismál. Fræðsla um jafnréttismál færi helst fram á framhaldsskóla- og háskólastigi og getur verið til þess fallin að stuðla að jafnrétti, en tæplega á það við um grunnskólastig eða leikskólastig.

Eðlilegra væri að segja þarna: A öllum skólastigum skal stuðla að jafnrétti kynja, m.a. með því að leggja áherslu o.s.frv. Síðan mætti bæta við setningu um fræðslu um jafnréttismál.

3. IV. kafli, 27. grein, Menntun (Bann við mismunun...)

Orðalag þarna er mjög almennt, og hugsanlega gætu vaknað spurningar um hvað teljist mismunun og hvað ekki, t.d. sú staðreynd að drengir fá meiri sérkennslu og sálfræðiaðstoð en stúlkur, eða að meiri hluti kennara eru konur. Þetta er eingöngu sett fram sem vangaveltur um afleiðingar þessarar lagagreinar.

Virðingarfyllst



Ragnhildur Bjarnadóttir

lektor